

**Ed.**

## **19. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

### **1. gr.**

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og hæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag, um eitt ár í senn og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar ekki þykir lengur þörf fyrir lagaákvæði þessi, má fella þau úr gildi með tilskipun og öðlast þá téður málsliður aftur gildi, svo sem hann er í greindum lögum, nr. 39 28. janúar 1935.

### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Sökum hinnar vaxandi dýrtíðar og hinna öru breytinga á framfærslukostnaði allra landsmanna, hefir nú verið upp tekin sú regla, að láta allt kaupgjald og launagreiðslur fara eftir dýrtíðarvisitölu. Er því edlilegt, að einnig meðlögum með óskilgetnum börnum sé hægt að breyta til samræmis við það, sem telja verður hæfilegan framfærslukostnað barns á hverjum tíma, þar sem meðlagið verður að skoðast aðalframfærslueyrir barnsins, og fyrir það er frumvarp það fram borið, sem hér liggur fyrir.

Það þykir ekki rétt að binda meðlagsupphæðina við visitölu, því það gæti valdið miklum ruglingi á útreikningum meðlaga og greiðslum, sem skipt er niður á ársfjórðunga eða jafnvel mánuði. Er því lagt til, að því ákvæði laganna verði breytt, að meðlögin skuli ákveðin fyrirfram til þriggja ára, en í stað þess er ætlað til, að þau verði ákveðin til eins árs í senn. Það mælir gegn þessari breytingu, að þetta geti valdið losi og óþarfa hringli með meðlögin, en þar er því til að svara, að félagsmálaráðuneytið hefir talið rétt, að reyna að samræma sem mest meðlögin um land allt og vannst verulega á í því efni s. l. ár, er meðalmeðlögin þá voru ákveðin. Mun því haldið áfram, þar til það samræmi er fengið í þessum efnum, að meðlög verði byggð á því, sem næst verður komið, um framfærslukostnað í hverri sýslu og hverjum kaupstað landsins. Eftir að sú samræming yrði á komin, er ekki mikil hætta á því, að meðlögnum yrði mikið breytt frá ári til árs, þegar verðlag og kaupgjald er aftur komið í fastara horf.

Hinsvegar er, eins og nú er ástatt, ógerningur, að láta meðlögin ein standa í stað um þriggja ára skeið, þegar allur annar framfærslueyrir og kaupgjald breytist, og fyrir því er hér lagt til, að meðlögin verði ákveðin árlega, meðlagsárið lögfest og það talið frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Fyrir þann tíma hafa allar sýslunefndir haldið fundi sína og eiga að hafa getað skilað tillögum sínum um meðalmeðlög.

Hækka þá eða lækka meðlögin frá 1. ágúst ár hvert og er hægt að hafa til hliðsjónar verðlagsútreikninga fyrir fyrrihluta ársins, enda þá útséð um kaupgjald í landinu fyrir yfirstandandi ár.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, mundu ákvæði þessi koma til framkvæmda 1. ágúst næstkomandi, og yrði þá tekið tillit til hækkunar þeirrar, sem þá kynni að vera orðin og ný meðalmeðlög þá ákveðin, er gilltu óbreytt til júliloka næsta ár.

Í 2. gr. frumvarpsins er veitt heimild til þess að fella þessi lagaákvæði úr gildi með tilskipun, ef þeirra þykir ekki lengur þörf. Þessi heimild yrði að sjálfsögðu ekki notuð fyr en verðlag er aftur komið í venjulegt horf, og verður þá aftur upp tekið þriggja ára meðlagstímabil.